



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við afhjúpun stytta Leifs Eiríkssonar
á Eiríksstöðum
12. ágúst 2000

Virðulegu ráðherrar

Lögmaður Færeyja og aðrir góðir gestir frá Færeyjum og Grænlandi
Ágætu Dalamenn og þið öll sem hér eruð samankomin

Þeir eru margir landar okkar sem hleypt hafa heimadragnum ungir að árum, haldið yfir hafið til annarra landa og unnið þar afrek sem minnisverð eru. Hér heiðrum við tvö þeirra, Leif Eiríksson og Nínu Sæmundsson sem hvort á sínum enda árþúsundsins könnuðu áður ófarna stigu, Leifur í landaleit og Nína í listsköpun, bæði í Norður-Ameríku.

Leifur Eiríksson fæddist í þessum fallega dal, sleit hér barnsskónum og æfði siglingar með báta sína á vatninu, fluttist ungur sveinn með föður sínum, vinum hans og venslafólki vestur um haf til Grænlands þar sem Eiríkur rauði gerðist leiðtogi þeirrar nýbyggðar norrænna manna sem átti eftir að standa í fjórar aldir, um það bil tvöfalt lengur en ný samfélög Evrópumanna í Norður-Ameríku hafa nú lifað. Er vert að minnast þess hve lengi hin norræna byggð stóð á Grænlandi.

Við þekkjum öll glæsta sögu Leifs Eiríkssonar, þau einstæðu afrek í landaleit og landkönnun sem hann vann fyrir þúsund árum. Og við höfum á undanförunum mánuðum glaðst yfir mikilli umfjöllun fjölmiðla vítt og breitt um veröldina en þó sérstaklega í Norður-Ameríku um Leif og annað íslenskt afreksfólk frá fyrri tíð sem breytti heimsmynd okkar og bætti drjúgum hluta við þá sögu sem tengir samskipti Evrópu og Ameríku. Það verður mikið verk að vinna úr þeirri kynningu sem menning okkar og saga hafa nú hlotið.

Styttan sem hér verður afhjúpuð er eftir listakonuna Nínu Sæmundsson sem átti glæstan feril vestan hafs fyrr á öldinni. Verkið vann hún fyrir samkeppni um stytta af Leifi Eiríkssyni sem

Bandaríkjamenn efndu til. Nína fékk önnur verðlaun í þessari samkeppni en stytan sem sigraði stendur á Skólavörðuholtinu fyrir framan Hallgrímskirkju.

Það er sannarlega vel við hæfi að Dalamenn skuli með glæsilegum hætti heiðra minningu Leifs Eiríkssonar. Þau mannvirki sem hér hafa risið og sá sóknarhugur sem þeim tengist munu vonandi skjóta nýjum stöðum undir blómlegt mannlíf hér í sveitum og byggðum í kring. Og það er gaman til þess að hugsa að nú geta þau tvö, sem kannski voru félagar á æskudögum, kallast aftur á, að vísu nokkuð langan veg, því skammt er síðan við afhjúpuðum einnig stytta af Guðríði Þorbjarnardóttur á fæðingarslóðum hennar.

Guðríður var á sinni tíð víðförlasta kona veraldar, sannarlega jafnoki þeirra vösku karla sem sigldu glæsilega á hraðskreiðum skipum og könnuðu alla Norðurálfu, frá stórárn Rússlands til furðustranda hins nýja heims í vestri. Æskilegt væri að þessir fornu leikfélagar og venslafólk mættu tengjast nýjum böndum í samstilltu átaki byggðanna á Vesturlandi til að laða hingað ferðafólk sem áhuga hefur á þeirri merku sögu sem Leifur og Guðríður eru merkisberar fyrir.

Með því að klæða Eiríksstaði í þann glæsilega sögubúning sem við sjáum hér í dag og huga að minjasafni í Búðardal, með áminningu um æskuslóðir Guðríðar og opnun Snorrastofu og söguseturs í Reykholti hefur Vesturland orðið með nýjum hætti fróðlegur og forvitnilegur áningarstaður fyrir þúsundir ferðamanna sem til Íslands koma. Á einum degi má hér kynnst ævi og heimaslóðum þeirra Íslendinga frá fornum tíma sem víðfrægastir hafa orðið í veraldarsögunni, afreksfólki í landkönnun og bókmenntum.

Það er von mín að fyrirtæki í ferðaþjónustu sjái nú að með þeim búningi sem sögustaðir í Borgarfirði, Dalasýslu og á Snæfellsnesi hafa fengið er kominn kjörinn grundvöllur að sérstökum sögudegi sem óhjákvæmilegt verði að gestir okkar frá öðrum löndum geti notið líkt og hinn svonefndi gullni hringur – Þingvellir, Gullfoss og Geysir – hafa verið um langa hríð. Á þann hátt skapast hér ný tækifæri í byggðaðróun og atvinnulífi, burðarás í ferðaþjónustu nýrrar aldar, Íslendingum öllum til heilla.

Í opinberri heimsókn okkar Guðrúnar Katrínar til Dalasýslu fyrir röskum þremur árum kynnti ég hér á grasgördunum sem huldu rústir hins gamla sögubæjar bréf frá forseta Bandaríkjanna William Jefferson Clinton þar sem heitið var samvinnu við að minnast merkra landafunda Leifs hins heppna.

Á þeirri stundu trúðu víst fáir að hátíðarárið 2000 myndi bera í skauti sínu jafn marga atburði og skila jafn ríkulegum árangri og raun ber vitni. Fyrir þá vinnu alla ber að þakka á þessum degi en þó sérstaklega það einstaka framtak sem Dalamenn hafa sýnt og vil ég sérstaklega nefna nafn Friðjóns Þórðarsonar sem verið hefur í þessum efnum hinn sanni brautryðjandi sem ætíð hefur veitt öðrum bjartsýni og sóknarafl.

Það hefur svo sannarlega verið mér og öðrum ánægjuefni að geta rétt ykkur Dalamönnum hjálparhönd og ég flyt ykkur hér í dag einlæggar þakkir íslenskrar þjóðar.

Sú er von mín og ósk að styttn sem ég afhjúpa nú verði í anda listakonunnar öllum þeim sem hingað koma tilefni að hugleiða með sjálfum sér hve mikilvægt er að varðveita menningararfinn sem veitir okkur áræði og þor til að kanna ókunna stigu, nema ný lönd og álfur, ekki aðeins á jörðu hér heldur einnig í hugarheimi, heimi vísinda og lista, hvert sem mannhugurinn kann að leiða okkur.

Megi Dalamenn og þjóðin öll lengi njóta þess góða verks sem hér hefur verið unnið. Til hamingju heimamenn.